

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Sendandi: Ragnhildur Arnljótsdóttir
Dagsetning: 16. apríl 1998
Málsnúmer: 96050310
Bréfalykill: 040

Efni: Svör við fyrirspurnum vegna frumvarps til laga um dánarvottorð o.fl.

1. *Hve algengt er að lögregla telji réttarkrufningu nauðsynlega ?*

Samkvæmt upplýsingum frá dr. Gunnlaugi Geirssyni, prófessor, hafa réttarkrufningar hin seinni ár verið 130 - 140 á ári hverju. Að hans sögn er þó dæmi um að réttarkrufningar hafi á einu ári verið um 220.

2. *Hvaða alþjóðasamningur gildir varðandi flutninga líka á milli landa?*

Um er að ræða Evrópusamning um flutning líka sem gerður var í Strasbourg 26. október 1973. Samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu 10. október 1975 og birtur í Stjórnartíðindum með auglýsingu nr. 20, 15. október 1975. Hann öðlaðist skv. auglýsingunni gildi 11. nóvember 1975, sjá meðf. afrit.

3. *Má fella brott 5. og 6. gr. laga um brotnám líffæra og krufningar nr. 16/1991 verði 5. gr. frv. að lögum?*

Já, það er æskilegt. Eftir samráð við höfunda frumvarpsins er lagt til að 5. og 6. gr. laga nr. 16/1991, um brotnám líffæra og krufningar verði felld brott og að 2. og 3. mgr. 5. gr. laganna verði felld inn í ákvæði 5. gr. frumvarpsins. Ath. að jafnframt þarf að breyta fyrirsögn laga um brotnám líffæra til samræmis.

4. *Tilvísun í lög um brotnám líffæra og krufningar vegna 6 klst. frests til krufningar.*

Lög um brotnám líffæra og krufningar eru sjálfstæð lög sem fjalla um hvernig að skuli farið þegar líffæri er numið brott úr einstaklingi, sem oftast er ekki látinn þegar slíkur flutningur fer fram. Samkvæmt upplýsingum frá sérfræðingum er hugsanlegt að hornhimnur eða beinhlutar séu fluttir á milli einstaklinga eftir andlát. Sérfræðingar telja hins vegar að líta megi á brotnám líffæra sem sjálfstæðan feril, óháðan krufningu og að um hvorugtveggja gildi sérstök lög.

Ákvæði um 6 klst. frest til krufningar byggist á ákvæði í dönsku lögunum þar sem nánasta venslamanni er gefinn 6 klst. frestur til umhugsunar telji hann ekki unnt að veita þegar samþykki sitt. Ráðuneytið telur að ekki sé ástæða til þess að hafa hliðstætt ákvæði í lögum um dánarvottorð o.fl. og leggur því til að 2. mgr. 5. gr. verði felld brott.

5. *Útfararstjórar gera athugasemd við 9. gr. frv. varðandi það að ekki megi leggja lík í kistu fyrr en dánarvottorð hafi verið ritað.*

Um er að ræða nýmæli sem byggt er á fyrirmynd í danskri löggjöf. Talið er æskilegt að

byggja í framkvæmd á þeirri meginreglu að lík sé ekki lagt í kistu fyrr en það hefur verið skoðað og ritað dánarvottorð. Þar sem fyrir liggur að framkvæmd hefur verið með öðrum hætti hér á landi er lagt til að orðalagi verði breytt þannig að í 2. mgr. 9. gr. frv. segi: "Að jafnaði skal lík ekki lagt í kistu fyrr en það hefur verið skoðað og dánarvottorð ritað."

AUGLÝSING

um aðild að Evrópusamningi um flutning líka.

Hinn 10. október 1975 var í Strasbourg undirritaður af Íslands hálfu án fyrirvara um fullgildingu eða staðfestingu Evrópusamningur um flutning líka gerður þar í borg hinn 26. október 1973.

Samningurinn tekur gildi hinn 11. nóvember n. k.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytið, Reykjavík, 15. október 1975.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM FLUTNING LÍKA

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirrita samning þennan, telja að aukin þörf sé á að einfalda formsatriði varðandi flutning líka milli landa, og hafa í huga, að flutningur líka á ekki að hafa í för með sér sýkingarhættu, jafnvel þótt andlát hafi orsakast af smitnæmum sjúkdómi, svo fremi viðeigandi ráðstafanir séu gerðar og þá sérstaklega með tilliti til þess, að líkkista sé það traust byggð og þétt, að hún sé loft- og lagarheld.

Aðilar hafa fallist á eftirfarandi:

1. gr.

1. Samningsaðilar skulu sín á milli haga framkvæmdum eftir ákvæðum samnings þessa.

2. Í sambandi við samning þennan telst líkflutningur vera flutningur líkamsleifa milli landa frá brottfararríki til áfangaríkis. Brottfararríki er ríki það, sem flutningur hefst í, og þegar um uppgrafin lík er að ræða, það ríki, sem jarðsett hefur verið í. Áfangaríki er það ríki þar sem jarðsetja skal líkið eða brenna að flutningi loknum.

AGREEMENT ON THE TRANSFER OF CORPSES

The member States of the Council of Europe, signatory hereto,

Considering that there is an increasing need to simplify formalities relating to the international transfer of corpses;

Bearing in mind that the transfer of corpses does not create a risk to health even if death was due to a communicable disease provided that appropriate measures are taken, in particular with regard to the imperviousness of the coffin,

Have agreed as follows:

Article 1

1. The Contracting Parties shall apply, as between themselves, the provisions of this Agreement.

2. For the purpose of this Agreement, transfer of corpses is understood to be the international transport of human remains from the State of departure to the State of destination; the State of departure is that in which the transfer began; in the case of exhumed remains, it is that in which burial had taken place; the State of destination is that in which

3. Samningur þessi tekur ekki til flutnings ösku milli landa.

2. gr.

1. Ákvæði samnings þessa fela í sér hámarkskröfur, sem gera má í sambandi við sendingu líka frá landssvæði samningsaðila, umleiðaflutningi og viðtöku þeirra.

2. Samningsaðilum er frjálst að veita tilslakanir í ýmsum atriðum, annað hvort eftir tvíhliða samningum eða samkomulagi í sérstökum tilvikum, og þá sérstaklega þegar um er að ræða flutning milli landamærasvæða.

Til að slíkir sérsamningar eða samkomulag komi til framkvæmda í hverju tilviki, verður að afla samþykkis allra hlutaðeigandi ríkja.

3. gr.

3. Sérhverju líki fylgi í flutningi sérstakt fylgibréf (fylgibréf líks), sem gefið er út af lögmætum yfirvöldum brottfararríkis.

2. Í fylgibréfi líks séu hið minnsta gefnar upplýsingar, um þau atriði, sem sett eru fram í fylgiskjali þessa samnings. Það skal skráð á opinberri tungu eða einni af opinberum tungum útgáfuríkis og einu hinna opinberu tungumála Evrópuráðs.

4. gr.

1. Að undanskildum þeim skjölum, sem krafist er samkvæmt alþjóðasamþykktum og samningum varðandi flutninga almennt eða síðari samþykktu eða samkomulags um flutning líka, skulu hvorki áfangaríki eða umleiðaríki krefjast neinna annarra skjala fyrir lík en fylgibréfs samkvæmt 3. gr. þessa samnings.

5. gr.

1. Fylgibréfið er gefið út af lögmætum yfirvöldum, sem um getur í 8. gr. samn-

the corpse is to be buried or cremated after the transport.

3. This Agreement shall not apply to the international transport of ashes.

Article 2

1. The provisions of this Agreement embody the maximum requirements which may be stipulated in connection with the despatch of corpses from, their transit through, or their admission to the territory of a Contracting Party.

2. The Contracting Parties remain free to grant greater facilities either by means of bilateral agreements or by decisions arrived at by common accord in special cases and in particular in the case of transfer between frontier regions.

For such agreements or decisions to be applicable in any given case, the consent of all the States involved must be obtained.

Article 3

1. Any corpse shall, during the transfer, be accompanied by a special document (laissez-passer for a corpse) issued by the competent authority of the State of departure.

2. The laissez-passer shall include at least the information set out in the model annexed to the present Agreement; it shall be made out in the official language or one of the official languages of the State in which it was issued and in one of the official languages of the Council of Europe.

Article 4

With the exception of the documents required under international conventions and agreements relating to transport in general, or future conventions or arrangements on the transfer of corpses, neither the State of destination nor the transit State shall require any documents other than the laissez-passer for a corpse.

Article 5

The laissez-passer is issued by the competent authority referred to in Article

ings þessa, eftir að þau hafa gengið úr skugga um:

- a. Að fullnægt hafi verið öllum kröfum samkvæmt gildandi reglum, er varða heilbrigðismál, stjórnun og lögsögu í brottfararríki, er geti átt við um flutning líka eða um jarðsetningu og uppgröft.
- b. Að líkinu hafi verið komið fyrir í kistu, sem fullnægi kröfum samkvæmt 6. og 7. gr. samnings þessa.
- c. Að líkkistan innihaldi eingöngu jarðneskar leifar þess manns, sem um getur í fylgibréfinu, svo og þá persónulegu muni, er grafa eða brenna ber með líkinu.

6. gr.

1. Líkkistan skal vera loft- og lagarheld og í henni efni, sem tekur í sig vökva. Telji lögmæt yfirvöld brottfararríkis nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að viðhalda jafnvægi milli innri og ytri loftþrýstings, skal það gert í sambandi við lofthreinsibúnað í kistunni. Kista má vera þannig úr garði gerð:

- i. Annað hvort ytri trékista, og séu borð hennar a. m. k. 20 mm þykk, og innri kista úr zinki vandlega lóðuð saman, eða úr öðru efni, sem eyðist af sjálfsdádum;
- ii. eða ein kista úr timbri og séu borð hennar a. m. k. 30 mm þykk og hún fóðruð þynnum úr zinki eða öðru efni, sem eyðist af sjálfsdádum.

2. Ef andlátsorsök er smitandi sjúkdómur, skal vefja líkið klæði, sem gegnvælt er sóttthreinsandi upplausn.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. málsgre. þessarar greinar ber að ganga þannig frá líkkistu, ef flytja á hana loftleiðis, að hún sé búin lofthreinsitæki, nema hún sé nægilega traust að mati lögmætra yfirvalda brottfararríkis.

7. gr.

1. Eigi að flytja líkkistuna sem venjulega vörusendingu, skal búa þannig um

8 of this Agreement, after it has ascertained that:

- (a) all the medical, health, administrative and legal requirements of the regulation in force in the State of departure relating to the transfer of corpses and, where appropriate, burial and exhumation have been complied with;
- (b) the remains have been placed in a coffin which complies with the requirements laid down in Articles 6 and 7 of this Agreement;
- (c) the coffin only contains the remains of the person named in the laissez-passer and such personal effects as are to be buried or cremated with the corpse.

Article 6

1. The coffin must be impervious; the inside must contain absorbent material. If the competent authority of the State of departure consider it necessary the coffin must be provided with a purifying device to balance the internal and external pressures. It may consist of:

- (i) either an outer coffin in wood with sides at least 20 mm thick and an inner coffin of zinc carefully soldered or of any other material which is self-destroying;
- (ii) or a single coffin in wood with sides at least 30 mm thick lined with a sheet of zinc or of any other material which is self-destroying.

2. If the cause of death is a contagious disease, the body itself shall be wrapped in a shroud impregnated with an anti-septic solution.

3. Without prejudice to the provisions of paragraphs 1 and 2 of this Article the coffin, if it is to be transferred by air, shall be provided with a purifying device or, failing this, present such guarantees of resistance as are recognised to be adequate by the competent authority of the State of departure.

Article 7

If the coffin is to be transported like an ordinary consignment, it shall be

hana, að hún líkist ekki líkkistu og auðkenna hana þannig, að varlega skuli með hana farið.

8. gr.

1. Sérhverjum samningsaðila ber að tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, hver séu lögmæt yfirvöld, sem um getur í 3. grein 1. málsgr., 5. grein 6. gr. 1. og 3. málsgr. samnings þessa.

9. gr.

Ef flutningurinn varðar þriðja ríki, sem er aðili að Berlínarsamkomulaginu um flutning líka frá 10. febrúar 1937, getur sérhvert aðildarríki að samningi þessum krafist þess, að annað aðildarríki geri nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrrnefnt aðildarríki geti fullnægt skuldbindingum sínum samkvæmt Berlínarsamningnum.

10. gr.

1. Samningur þessi skal liggja fyrir til undirritunar af hendi aðildarríkja Evrópuráðsins, sem orðið geta aðilar að honum, annað hvort með því að:

- a. Undirrita hann án fyrirvara varðandi fullgildingu eða samþykkt, eða
- b. undirrita hann með fyrirvara varðandi fullgildingu eða samþykkt, sem komi til síðar.

2. Fullgildingar- eða samþykktarskjöl ber að afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs.

11. gr.

1. Samningur þessi tekur gildi einum mánuði eftir að 3 aðildarríki ráðsins hafa gerst aðilar að honum samkvæmt ákvæðum 10. gr.

2. Að því er varðar sérhvert aðildarríki, sem undirritar samninginn síðar án fyrirvara um fullgildingu eða samþykkt, eða sem fullgildir eða samþykkir hann, tekur samningurinn gildi einum mánuði eftir undirritun eða eftir afhendingu fullgildingar- eða samþykktarskjals.

packaged so that it no longer resembles a coffin, and it shall be indicated that it be handled with care.

Article 8

Each Contracting Party shall communicate to the Secretary General of the Council of Europe the designation of the competent authority referred to in Article 3, paragraph 1, Article 5 and Article 6, paragraphs 1 and 3 of this Agreement.

Article 9

If a transfer involves a third State which is a Party to the Berlin Arrangement concerning the conveyance of corpses of 10 February 1937, any Contracting State to this Agreement may require another Contracting State to take such measures as are necessary for the former Contracting State to fulfil its obligations under the Berlin Arrangement.

Article 10

1. This Agreement shall be open to signature by the member States of the Council of Europe, who may become Parties to it either by:

- (a) signature without reservation in respect of ratification or acceptance, or
- (b) signature with reservation in respect of ratification or acceptance, followed by ratification or acceptance.

2. Instruments of ratification or acceptance shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 11

1. This Agreement shall enter into force one month after the date on which three member States of the Council shall have become Parties to the Agreement, in accordance with the provisions of Article 10.

2. As regards any member State who shall subsequently sign the Agreement without reservation in respect of ratification or acceptance or who shall ratify or accept it, the Agreement shall enter into force one month after the date of such signature or after the date of deposit of the instrument of ratification or acceptance.

12. gr.

1. Eftir að samningur þessi hefur tekið gildi getur ráðherranefnd Evrópuráðsins boðið sérhverju ríki, sem ekki er aðili að ráðinu, að gerast samningsaðili.

2. Slík aðild tekur gildi einum mánuði eftir að aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins hefur verið afhent aðildarskjal.

13. gr.

1. Sérhver samningsaðili getur tiltekið landsvæði það eða þau, sem samningurinn á að ná til, um leið og hann undirritar hann eða afhendir fullgildingar-, samþykktar- eða aðildarskjal.

2. Með yfirlýsingu, sem stíluð er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, getur sérhver samningsaðili, um leið og hann afhendir fullgildingar-, samþykktar- eða aðildarskjal sitt eða síðar látið samninginn ná til annars eða annarra tilgreindra landsvæða, sem hann fer með utanríkismál fyrir eða er heimilað að gera skuldbindingar fyrir.

3. Yfirlýsingu, um hvaða landsvæði sem er samkv. næstu málsgrein hér á undan, má taka aftur á þann hátt, er segir í 14. gr. samnings þessa.

14. gr.

1. Samningur þessi heldur gildi ótiltekinn tíma.

2. Sérhver samningsaðili getur að því er hann varðar sagt samningi þessum upp með tilkynningu, sem stíluð er til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

3. Slík uppsögn tekur gildi 6 mánuðum eftir að aðalframkvæmdastjórinn hefur mótttekið tilkynninguna.

15. gr.

Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins ber að tilkynna aðildarríkjum ráðsins og sérhverju ríki, sem gerst hefur aðili að samningi þessum:

Article 12

1. After the entry into force of this Agreement, the Committee of Ministers of the Council of Europe may invite any non-member State to accede thereto.

2. Such accession shall be effected by depositing with the Secretary General of the Council of Europe an instrument of accession which shall take effect one month after the the date of its deposit.

Article 13

1. Any Contracting Party may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or accession, specify the territory or territories to which this Agreement shall apply.

2. Any Contracting Party may, when depositing its instrument of ratification, acceptance or accession or at any later date, by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend this Agreement to any other territory or territories specified in the declaration and for whose international relations it is responsible or on whose behalf it is authorised to give undertakings.

3. Any declaration made in pursuance of the preceding paragraph may, in respect of any territory mentioned in such declaration, be withdrawn according to the procedure laid down in Article 14 of this Agreement.

Article 14

1. This Agreement shall remain in force indefinitely.

2. Any Contracting Party may, insofar as it is concerned, denounce this Agreement by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

3. Such denunciation shall take effect six months after the date of receipt by the Secretary General of such notification.

Article 15

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council and any State which has acceded to this Agreement of:

- a. Sérhverja undirskrift án fyrirvara um fullgildingu eða samþykkt;
- b. sérhverja undirskrift með fyrirvara um fullgildingu eða samþykkt;
- c. afhendingu sérhvers fullgildinga-, samþykktar- eða aðildarskjals;
- d. sérhvern gildistökudag samnings þessa skv. 11. gr. hans;
- e. sérhverja yfirlýsingu, sem móttækin er samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. 13. greinar;
- f. sérhverja tilkynningu, sem móttækin er samkvæmt ákvæðum 14. greinar, og dagsetningu þegar uppsögn tekur gildi;
- g. sérhverja orðsendingu, sem honum berst samkv. 8. gr.
- Þessu til staðfestingar hafa undirritað fullgildir aðilar.
- (a) any signature without reservation in respect of ratification or acceptance;
- (b) any signature with reservation in respect of ratification or acceptance;
- (c) the deposit of any instrument of ratification, acceptance or accession;
- (d) any date of entry into force of this Agreement, in accordance with Article 11 thereof;
- (e) any declaration received in pursuance of the provisions of paragraphs 2 and 3 of Article 13;
- (f) any notification received in pursuance of the provisions of Article 14 and the date on which denunciation takes effect;
- (g) any communication made to him under Article 8.
- In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Gert í Strasbourg 26. dag októbermánaðar 1973 á enskri og franskri tungu, en báðir textarnir eru jafngildir, í einu eintaki, sem vera skal í vörslu skjalsafns Evrópuráðsins.

Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins ber að senda staðfest einök til sérhvers ríkis, sem undirritar samninginn og gerist aðili að honum.

FYLGLSKJAL

Fylgibréf líks

Fylgibréf þetta er gefið út samkvæmt samningum um flutning líka og þá sér í lagi 3. og 5. grein.

Hér með er heimilað að fjarlægja lík:

Nafn hins látna

andaðist hinn

Getið dánarorsakar (ef mögulegt er) ² og ³

..... ára að aldri

Fæðingardagur og staður (ef mögulegt er)

Líkið á að flytja (flutningstæki) frá (brottfararstaður) um (leið) til (áfangastaður)

APPENDIX

LAISSEZ-PASSER FOR A CORPSE

This laissez-passer is issued in accordance with the Agreement on the Transfer of Corpses, in particular Articles 3 and 5¹.

Authority is hereby given for the removal of the body of:

Name and first name of the deceased

died on at

State cause of death (if possible)² and³

at the age of years

Date and place of birth (if possible)

The body is to be conveyed

..... (means of transport) from (place of departure) via (route) to (destination)

Með því að flutningur líks þessa hefur verið heimilaður eru hin ýmsu yfirvöld í ríkjum þeim, sem flytja á líklöð um, beðin að láta það fara óhindrað.

Gjört í
hinn

Undirskrift lögmeats yfirvalds
Opinber stimpill lögmeats yfirvalds

1. Texta 3. og 5. greinar samningsins ber að birta á baksíðu fylgibréfsins.
2. Dánarorsakar ber að geta á ensku eða frönsku eða með kóðanúmeri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í alþjóðaflokkunarskrá sjúkdóma.
3. Sé dánarorsakar ekki getið vegna þagmælskuheitis ætti að setja vottorð er sýni dánarorsök í lokað umslag, er fylgi líkinu í flutningi og afhendist lögmeatu yfirvaldi í áfangaríkinu. Lokaða umslag, sem merkt sé þannig að þekkja meg, ber að festa tryggilega við heimildarskjalið.

Ella ætti að geta þess í heimildarskjalinu hvort aðillinn dó af eðlilegum orsökum og úr ósmitnæmum sjúkdómi.

Ef það er ekki tilfellið ætti að gefa til kynna kringumstæður andlátsins eða eðli hins smitnæma sjúkdóms.

The transport of this corpse having been duly authorised, all and sundry authorities of the States over whose territory the corpse is to be conveyed are requested to let it pass without let or hindrance.

Done at
on

Signature of the competent authority
Official stamp of the competent authority

1. The text of Articles 3 and 5 of the Agreement is to appear on the reserve side of the *laissez-passer*.
2. The cause of death should be stated in English or French or in the numerical WHO code of the international classification of diseases.
3. If cause of death is not stated for reasons of professional secrecy then a certificate indicating the cause of death should be placed in a sealed envelope accompanying the corpse during transport and be presented to the competent authority in the State of destination. The sealed envelope, which shall bear some external indication for identification purposes, shall be securely attached to the *laissez-passer*.
Alternatively, an indication should be made on the *laissez-passer* as to whether the person died of natural causes and of a non-contagious disease.
If this is not the case, the circumstances of the nature of the contagious disease should be indicated.

AUGLÝSING

um nýja alþjóðapóstsamninga.

Hinn 1. janúar 1976 ganga í gildi samningar sem gerðir voru á alþjóðapóstþinginu í Lausanne hinn 5. júlí 1974 og þá undirritaðir af Íslands hálfu.

Samningarnir eru þessir:

1. Önnur viðbótarlokabókun Stofnskrár Alþjóðapóstambandsins
2. Almenn reglugerð fyrir Alþjóðapóstambandið ásamt lokabókun hennar
3. Alþjóðapóstsamningurinn ásamt lokabókun hans og starfsreglugerð
4. Samningur um bréf með tilgreindu verði ásamt lokabókun hans og starfsreglugerð
5. Samningur um pósthögsla ásamt lokabókun hans og starfsreglugerð
6. Samningur um póstaðvísanir og ferðapóstávisanir ásamt starfsreglugerð hans
7. Samningur um póstgíróbíónustu ásamt starfsreglugerð hans
8. Samningur um póstkrofusendingar ásamt starfsreglugerð hans.

Utanríkisráðuneytið í Bern staðfesti móttöku fullgildingarskjals Íslands vegna ofangreindra samninga hinn 8. október 1975.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis**
Sendandi: **Ragnhildur Arnljótsdóttir**
Dagsetning: **16. apríl 1998**
Málsnúmer: **96050310**
Bréfalykill: **040**

Efni: Svör við fyrirspurnum vegna frv. til laga um almannatryggingar (lögheimilisskilyrði).

1. *Er nauðsynlegt að breyta 24. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, vegna tillögu Tryggingastofnunar ríkisins um að tilvísunin "sbr. þó 24. gr" í b. lið (9. gr. b) falli brott?*

Tryggingastofnun ríkisins leggur til að sú breyting verði gerð á 24. gr. núgildandi laga að felld verði brott tilvísun til heimildar tryggingaráðs í 2. mgr. 2. mál. 24. gr. laganna. Sú breyting verði gerð þar sem 1. gr. b. í frumvarpinu feli í sér rýmri rétt. Ráðuneytið styður þá tillögu.

2. *Væri rétt að telja upp í nefndarátliti tilvik sem fallið gætu undir undanþágu frá 6 mánn. lögheimilisskilyrði sbr. b. lið 3. gr. frv.?*

Sérfræðingar sem ráðuneytið leitaði til telja ávallt vísan til þess að upptalning í nefndarátliti verði túlkuð á þann hátt að um tæmandi talningu sé að ræða. Gleymist að tiltaka einhverja sjúkdóma sé það "bitur reynsla" að nánast sé ómögulegt að ganga frá málum er taki til þeirra sjúklings, sjúkdómurinn verði aðalatriði en heilsufar sjúklings nánast aukaatriði. Bent er á "Tillögur um forgangsroðun í heilbrigðismálum (Htr. 1997, bls. 16, sjá meðf. afrit)" til viðmiðunar.

Ráðuneytið leggur til að undanþága verði í nefndarátliti skýrð með vísan til þess að um sé að ræða lið I í tilvitnuðum tillögum, þ.e.a.s. alvarleg bráðatilfelli, lífshættulega sjúkdóma og slys, sem leitt geti til dauða eða varanlegs heilsutjóns án meðferðar, eða ef bíða þarf meðferðar í óhæfilegan tíma. Í vissum tilvikum gæti undanþágan einnig tekið til meðferðar alvarlegra langvinnra sjúkdóma. Hér gæti því verið um að ræða

- * alvarlega smitsjúkdóma,
- * langvinna sjúkdóma s.s. krabbamein,
- * ýmsa aðra sjúkdóma s.s. hjarta- og lungnasjúkdóma, sem falla myнду undir lið I.

Mikilvægt er að benda á að upptalning af þessu tagi getur orðið vafasöm og æskilegra væri að miða fremur við almennar reglur. Hvaða leið sem valin yrði er nauðsynlegt að geta þess rækilega að ekki sé um tæmandi talningu að ræða.

B. Áherslur heilbrigðisþjónustunnar

B.1 Ákveðnir þjónustuhættir skulu ganga fyrir

Markmið:

Eftirtaldir þjónustuhættir og tegundir þjónustu skulu hafa forgang (þessi forgangur miðast við þörf fyrir heilbrigðisþjónustu):

- I. Meðhöndlun alvarlegra brádatilfella, lífshættulegra sjúkdóma og slysa sem geta leitt til dauða án meðferðar.
- II. Heilsuvernd sem sannað hefur gildi sitt.
Meðferð vegna alvarlegra langvinnra sjúkdóma.
Endurhæfing og hæfing.
Líknandi meðferð.
- III. Meðferð vegna minna alvarlegra slysa og minna alvarlegra bráðra og langvinnra sjúkdóma.
- IV. Önnur meðferð sem fagleg rök eru fyrir að skili sannanlegum árangri.

Tryggja skal að þeir, sem vegna æsku, fötlunar eða öldrunar eiga erfitt með að gæta réttar síns, njóti jafnræðis á við aðra.

Þessi forgangs röðun miðast við þörf fyrir heilbrigðisþjónustu. Þeir einstaklingar sem hafa mesta þörf fyrir heilbrigðisþjónustu skulu ganga fyrir. Í fyrsta lagi er átt við aðstæður sem geta haft lífshættulegar afleiðingar sé ekki gripið tafarlaust til viðeigandi aðgerða. Í öðru lagi er um að ræða heilsuvernd sem sannað hefur gildi sitt, meðferð vegna alvarlegra langvinnra sjúkdóma, endurhæfing og hæfing, auk líknandi meðferðar. Í þriðja lagi er átt við meðferð vegna slysa og sjúkdóma sem nauðsynlegt er að bregðast við þó svo það kalli ekki á tafarlausar aðgerðir. Og í fjórða lagi eru það önnur heilsufarsvandamál þar sem fagleg rök mæla með að ákveðnar tegundir meðferðar skili sannanlegum árangri. Þessir áhersluhættir skulu einfaldlega ganga fyrir annars konar þjónustu við sjúklinga, svo sem aðgerðum vegna sjúkdóma sem eru minna alvarlegir, heilsudvöl án endurhæfingar og aðgerðum án sannaðrar gagnsemi.

